



1.nóv'21

Minnisblað um stofnun frumkvöðlaseturs í samtarfi við Háskólafræðistofu Suðurlands

Markmið


Koma að stofnun frumkvöðlaseturs á Selfossi sem gefur einstaklingum með viðskiptahugmynd tækifæri að fá aðstöðu, stuðning og ráðgjöf til að þróa hugmyndina og gera að veruleika.

Forsenda

Undirritaður fór með fulltrúum Háskólafræðistofu Suðurlands á kynningu hjá Markaðstofu Kópavogs fyrr í október en markaðstofan rekur Atvinnu- og nýsköpunarsetur í Kópavogi (SKÓP). Setrið er samvinnuverkefni Kópavogsbæjar og atvinnulífsins og hefur það hlutverk að veita einstaklingum aðstöðu, ráðgjöf og stuðning til að þróa viðskiptahugmyndir í átt að raunverulegri vöru eða þjónustu.

Hugmyndafræði verkefnisins er að mati þeirra sem fengu kynninguna góð og kom fram hjá Háskólafræðistofu Suðurlands að þeir væru nánast tilbúnir með sambærilegt verkefni á Selfossi. Styrkur sem félagið fékk úr Lóu-nýsköpunarsjóði, samstarfi við SASS, tenging við atvinnulífið á Suðurlandi og góð aðstaða í Sandvíkursetrinu (Fjölheimum) og Fsu býr til þá umgjörð sem þarf til að hefja verkefnið (sjá mynd og viðhengi frá HfSu).

Hugmyndin að rekstrarmódeli frumkvöðlasetursins:



*"Hreiðrið" er eingöngu vinnuheiti enn sem komið er enda ekki komið nafn á setrið. Vinnuheitið vísar engu að síður til bæði Lóunnar (sem veitti upphaflega styrkinn) og "Útungunarvélarnnar" sem er sú hugmyndafræði sem stuðst er við.

Fulltrúar Háskólafræðistofu Suðurlands ásamt ráðgjöfum SASS eru að móta umgjörðina og þau viðmið sem verkefni þurfa að uppfylla til að geta komist inn í frumkvöðlasetrið en markmiðið er að geta tekið við 4-8 verkefnum hverju sinni.



Aðkoma Sveitarfélagsins Árborgar að verkefninu væri sem eigandi Sandvíkurseturs að veita styrk á móti húsaleigu fyrir það rými sem er nýtt undir frumkvöðlasetrið. Um er að ræða styrk að upphæð kr. 1.133.000- á ári fyrir 23,2m² rými. Sveitarfélagið gæti að auki stutt verkefnið sem ráðgjafi, samstarfsaðili í fræðslu og eflingar tengingu við atvinnulífið t.d. með árlegum “Dagi atvinnulífsins á Suðurlandi” sem hugmynd er um að halda í lok janúar 2022.

Tillaga

Lagt er til að Sveitarfélagið Árborg styðji frumkvöðlasetrið með styrk á móti húsaleigu ásamt því að leggja til fjármagn og vinnu í samstarfi við HfSu í fræðslu- og kynningarverkefni líkt og “Dag atvinnulífsins á Suðurlandi”. Um er að ræða í upphafi styrk vegna húsaleigu samtals kr. 1.133.000- á ári (vísitölutengt) auk kr. 500.000- í fræðslu- og kynningarverkefni.

Gert hefur verið ráð fyrir fjármagni í fjárhagsáætlun 2022 sem kæmi til móts við húsaleigu og önnur verkefni. Hægt væri að samþykkja strax frá nóvember 2021 styrk á móti húsaleigu og nýta fjármagn af öðrum verkefnum fyrir árið 2021.

Bragi Bjarnason,
deildastjóri frístunda- og menningardeildar

Ólafur Rafnar Ólafsson,
atvinnu- og viðburðafulltrúi